


## Almennar leiðbeiningar fyrir umhirðu heyrnartækja


### Að koma tækinu fyrir í eyranu

Yfirleitt er best að setja hlustarstykkið fyrst í eyrað og svo tækið á bakvið. Til þess að hlustarstykkið renni betur inn í hlustina getur verið ráð að toga eyrnasneplinn niður með annarri hendinni um leið og hlustarstykkinu er ýtt inn í hlustina með hinni. Þegar hlustarstykkið er komið inn í eyrað er heyrnartækinu sjálfu brugðið bak við eyrað.



### Hreinsun á hlustartykki

Eyrnamergur er ein algengasta ástæða þess að heyrnartæki starfar ekki eins og ætlast er til. Til að verjast þessu vandamáli er nauðsynlegt að hreinsa hlustarstykkið reglulega. Gott getur verið að láta stykkið liggja í volgu sápuvatni og burstu það síðan. Áður en stykkið er tengt við tækið aftur þarf að blása vel í gegnum hljóðrásina (hægt að blása í gegnum slönguna). Athugið að skipta um slönguna ef hún er orðin hörð.



### Ýmis vandamál

EINKENNI	ÁSTÆÐUR	LAUSNIR
Ekkert heyrist í tækinu	Slökkt er á tækinu Rafhlaðan er ónýtt. Hlustarstykki stíflað Tækið stillt á Tónmökva	Kveiktu á tækinu Settu nýja rafhlöðu í tækið Hreinsið hlustarstykkið. Stillið tækið á M stillingu.
Hljóðstyrkurinn ekki nógu hár	Mergur í hlust Breyting á heyrn	Farið merghreinsun Hafið samband við lækni
Flaut eða ýl í tækinu	Tækið situr ekki rétt í eyranu. Mergur í hlust	Settu tækið betur inn í eyrað. Farið til læknis.